

Skautasamband Íslands

Skýrsla stjórnar

2023 - 2024

Skýrsla stjórnar ÍSS 2023 – 2024

Stjórn ÍSS var skipuð eftirfarandi aðilum

Svava Hróðný Jónsdóttir	Formaður
Póra Sigríður Torfadóttir	Vara formaður
Ingibjörg Pálsdóttir	Gjaldkeri
Rakel Hákonardóttir	Ritari
Lonni Björg Hansen	Meðstjórnandi
Kristel Björk Þórisdóttir	Varamaður
Guðrún Brynjólfsson	Varamaður

María Fortescue	Framkvæmdastjóri
Svava Hróðný Jónsdóttir	Afreksstjóri

Upphaf starfstíma

Fyrstu verkefni kjörinnar stjórnar

- Að skipta með sér verkum
- Kynna sér reglur ÍSS og ISU sem og siðareglur
- Formenn nefnda skipaðir ásamt áheyrnarfulltrúum
- Fastur fundartími settur mánaðarlega

Í upphafi starfstíma þurfti að ljúka starfsári ÍSS og undirbúa nýtt keppnistímabil.

Ákveðið var að halda áfram og efla enn frekar þróun á skautahlaupi á Íslandi ásamt því að halda áfram vinnu við að auka umtal í öllum landshlutum og fá áheyrn þeirra sem málið varðar inni í sveitarfélögunum svo hægt sé að koma af stað samtali um það sem þarf að gera til þess að hægt sé að vinna að frekari uppbyggingu mannvirkja sem halda utan um allar þær skautaiþróttir sem heyra undir ÍSS.

Nefndir ÍSS

Eftir mörg ár af góðri vinnu nefnda og skýrum verkferlum á milli nefnda og stjórnar erum við komin með nefndir sem vinna faglega vinnu og skila af sér verkefnum og skýrslum á faglegan og skilmerkilegan máta.

Hins vegar voru störf í nokkrum nefndum ekki nægilega öflug og má útskýra ástæður fyrir þessum aðstæðum með margvíslegum hætti.

Það er því mikilvægt að næsta tímabil fari af stað með öflugum formenn í öllum nefndum svo að ekki verði bið á neinum verkefnum.

Afreksmál

Afreksnefnd ÍSS starfar náið með Afreksstjóra ÍSS og saman vinna þau að ýmsum verkefnum sem öll hafa það að markmiði að efla og styrkja afreksskautara á Íslandi til framtíðar. Sum verkefni gefa núverandi skauturum tækifæri bæði innanlands og erlendis en önnur verkefni eru til þess fallin að undirbúa jarðveginn fyrir framtíðina.

Á nýju tímabili fóru æfingabúðir og alþjóðlegt mótastarf af stað og fylgdi afreksnefnd og afreksstjóri þessum verkefnum eftir og hafa þau eftirfylgni og utanumhald með íslenskum skauturum.

ÍSS starfar samkvæmt Afreksstefnu sinni sem samþykkt er á skautaþingi ár hvert og gildir í tvö ár í senn. Er þetta skilyrði frá ÍSÍ og Afrekssjóði ÍSÍ sem þarf að uppfylla til þess að sækja styrki í sjóðinn. Skautasambandið getur ekki haldið út afreksstarfi sínu nema með hjálp þessara styrkja. Síðasta ár höfðum við sett okkur það markmið að halda aukinni styrkveitingu sem við höfðum unnið okkur inn það ár og gekk það mjög vel sem skilaði sér í hækkingu á styrkveitingu til ÍSS árið 2022. Hins vegar eru endurskipulagningar í gangi hjá Afrekssjóði ÍSÍ sem hefur í för með sér að minni sérsambönd innan ÍSÍ lúta í lægra haldi og fá minna út úr sjóðnum en þau stærri. Þetta hefur gert það að verkum að bæði árið 2023 og 2024 hefur styrkur úr sjóðnum til ÍSS lækkað. ÍSS hefur því þurft að sníða sér stakk eftir vexti og tekur afreksstarfið mið af því hversu mikið við getum gert og styrkt starfið hverju sinni, en þó aldrei minnkað gæðin. Þetta er vinna sem er stöðugt í þróun og verður áfram.

Vinna að fagteymi ÍSS er stór hluti afreksmála. Mikilvægi þess að veita afreksíþróttafólki aðgengi að faglegri aðstoð er gríðarlegt og skiptir þar miklu máli stöðugleiki svo ekki fari tími og peningur í aðlögun. ÍSS hefur unnið áfram með Sólveigu Dröfn Andrésdóttur sjúkraþjálfara. Viðtöl við skautara fara fram að lágmarki tvisvar sinnum á hverju tímabili. Þessi viðtöl hafa gefist vel og eru þau einnig góð þjálfun fyrir skautarana í markmiðasetningu.

Síðasta tímabil hafa skautararnir verið áfram í markmiðasetningu með Júlíu Grétarsdóttur. Júlía hefur menntun og reynslu sem hjálpar skauturunum okkar gríðarlega mikið en auk þess hefur Júlía ómetanlega reynslu sem fyrrverandi afreksskautari hjá ÍSS sem og að vera formaður afreksnefndar síðasta tímabil.

Við höfum einnig fengið til liðs við okkur sálfræðinga og næringarfræðinga þar sem mikilvægustu hlutar afreksmála eru tæklaðir. Fræðsla til skautara hefur farið fram í gegnum fyrirlestra og vinnustofur sem mikil ánægja hefur verið með, bæði frá skauturum sem og ÍSS.

Sumarbúðir ÍSS fyrir afreksskautara og hæfileikamótun fóru fram í Egilshöll í Reykjavík í júní. Stór hópur skautara tók þátt þar sem skauturum úr keppnisflokkum Basic Novice og Intermediate Novice var einnig boðin þátttaka. Hópurinn gisti saman í Grafarvoginum og með góðri hjálp sjálfboðaliða var boðið upp á góðan morgunverð á gististaðnum, hollan og góðan hádegismat í Egilshöll og svo var kvöldmat á hverju kvöldi í gistiaðstöðunni aftur.

Við fengum til okkar Sondre Oddvoll Bøe, norskan þjálfara, til þess að stjórna æfingabúðunum. Auk hans unnu þjálfarar aðildarfélaganna með okkur ásamt ýmsum sérfræðingum á sviði sjúkraþjálfunar, markþjálfunar, danskennslu, dómgæslu o.fl..

Seinni æfingabúðir tímabilsins fóru fram í nýrri aðstöðu í Skautahöllinni á Akureyri, í beinu framhaldi af Íslandsmeistaramóti ÍSS. Þar gátu skautarar út Advanced Novice, Junior og Senior tekið þátt í æfingabúðum með öðruvísi sniði en við höfum áður gert.

Sondre Oddvoll Bøe kom aftur, en auk hans voru með okkur sérfræðingar af dómaraþingi Íslandsmeistaramótsins. Fengu svo skautararnir allir tíma á hverjum degi með hverjum sérfræðingi fyrir sig til þess að vinna í ákveðnum atriðum hjá sér persónulega.

Einnig var Audrey Freyja Clarke, sjúkrapjálfari, með bæði fyrirlestra og æfingar fyrir hópinn.

Framundan er frekari vinna að uppbyggingu afrekshópa ÍSS og að efla enn frekar þá skautara sem eru þar nú þegar. Fer sú vinna fram með góðu sambandi stjórnar, afreksnefndar og starfsmanna ÍSS við afreksefni, þjálfara þeirra, félög og forráðamenn.

Dómarar og tæknifólk

Efling og menntun dómara og tæknifólks frá Íslandi er mikilvæg. Við erum heppin að eiga starfsfólk með góða menntun og það er mikilvægt að við eigum þar fólk með alþjóðleg réttindi. Reynsla starfsfólksins hefur mikið að segja varðandi áframhaldandi menntun þeirra og mun ÍSS halda áfram að styðja okkar starfsfólk á þeirra sviði með því að veita þeim tækifæri bæði á íslenskum mótum sem og erlendum mótum.

Það hefur verið stefna ÍSS að senda dómara með íslenskum skauturum á erlend mót sem bæði styrkir stöðu dómara sem og skautaranna okkar.

ÍSS vinnur áfram að frekari framþróun starfsfólks í þeirra störfum og vonumst við til þess að á næstu árum munu fleiri bætast í hóp þeirra sem hafa alþjóðleg réttindi.

Haldið var árlegt námskeið fyrir dómara og tæknifólk, bæði nýliða og lengra komna, í ágúst. Náði námskeiðið yfir tvær helgar og nýttum við þekkingu okkar íslensku sérfræðinga til þess að leiðbeina á námskeiðinu ásamt því að Raoul LeBlanc kom og kenndi með þeim.

Skautakona ársins

Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir var valin skautakona ársins 2023. Þetta er í fyrsta sinn sem hún hlýtur titilinn.

Júlía Sýlvía hefur verið á góðri uppsveiflu undanfarið ár og staðið sig vel í keppnum bæði innanlands og erlendis. Hún keppti í fyrsta sinn í Senior flokki á Vormóti ÍSS 2023 og lauk þar móti með 108.81 í heildarstig.

Júlía Sýlvía byrjaði árið 2023 á því að keppa á Norðurlandamótinu í Junior flokki og hafnaði þar í 16. sæti með 114.34 í heildarstig.

Hún keppti fyrir hönd Íslands á Junior Grand Prix Istanbul, Tyrklandi, í byrjun september. Þar stóð hún sig prýðilega og hafnaði í 19.sæti af 35 keppendum með 110.20 stig. Í kjölfarið var Haustmót ÍSS þar sem hún keppti í Senior flokki og náði 115.58 stigum. Um miðjan október var förlingur haldið til Katowice, í Póllandi, þar sem hún keppti í fyrsta sinn á opnu alþjóðlegu móti í Senior flokki. Þar hafnaði hún í 3.sæti með 112.21 stig og hlaut þar með brons verðlaun á alþjóðlegu móti. Í byrjun nóvember keppti Júlía Sýlvía í Senior á Volvo Cup í Riga, en þar fékk hún 127.94 stig og endaði í 8.sæti.

Í lok nóvember tók Júlía svo þátt á Íslandsmeistaramóti þar sem hún sló Íslandsmet í stuttu prógrammi með 49.18 stig og bætti sitt persónulega heildar stigamet með 131.30 stig og var krýnd Íslandsmeistari í Senior flokki kvenna.

Mótahald

Mótanefnd sá um eftirlit á mótsstað á ÍSS mótum, líkt og fyrri ár, ásamt því að vinna úr mótsstjóra- og yfirdómaraskýrslum allra móta. Starf nefndarinnar er yfirgripsmikið og krefst samvinnu margra aðila.

ÍSS skipulagði á þessu tímabili fjögur mót

- Haustmót
- Íslandsmót
- RIG 2024
- Vormót

Íslandsmeistaramót ÍSS 2023 fór fram í Skautahöllinni á Akureyri í nóvember. Mótið fór fram með góðu móti.

Íslandsmeistarar 2023:

Advanced Novice: Sædís Heba Guðmundsdóttir

Junior Women: Lena Rut Ásgeirsdóttir

Senior Women: Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir

Bikarmótaröð ÍSS

Bikarmótaröð ÍSS fór nú fram í fimmta sinn. Að þessu sinni voru það Haustmót, Íslandsmót og Vormót sem voru hluti að bikarmótaröðinni..

Að Vormóti loknu voru Bikarmeistarar ÍSS krýndir í verðlaunaafhendingu.

Bikarmeistarar Skautasambands Íslands 2024 er Fjöltnir listskautadeild.

Stigatafla Bikarmótaraðar ÍSS 2023-2024

	Fjöltnir	Skautafélag Akureyrar	Skautafélag Reykjavíkur
Haustmót	43	41	33
Íslandsmót	43	39	35
Vormót	30	24	24
Samtals stig:	116	104	92

[Junior Grand Prix 2023](#)

Að þessu sinni átti Ísland rétt á því að senda keppendur á tvö mót á unglíngamótaröðinni, ISU Junior Grand Prix.

Að þessu sinni fengum við aftur úthlutað sæti á mótinu sem fer fram í Yerevan í Armeníu. ÍSS tók þá ákvörðun að senda ekki lið til keppni á þá svæði að svo stöddu. Það þýðir að við sendum skautara eingöngu á eitt mót að þessu sinni.

Fulltrúi ÍSS var:

Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir, Fjöltni

Júlía Sýlvía keppti á JGP í Istanbul, Tyrklandi, í september. Hún fór með þjálfara sínum Benjamin Naggiar, og liðsstjóra á vegum ÍSS, Evu Dögg Sæmundsdóttur. Með þeim í för var einnig dómari frá ÍSS, María Fortescue.

35 skautarar voru skráðir til keppni í Junior Women á þessu þriðja móti í JGP mótaröðinni. Júlía Sýlvía dró rásnúmer 35 fyrir stutta prógrammið og skautaði því síðust þann keppnisdaginn. Hún datt því miður í fyrsta stökkinu en hún lét það ekki á sig fá og skellti í flottan 2A og hélt stöðugu prógrammi eftir það. Sem skilaði henni 39.99 stigum fyrir stutta prógrammið og 20.sætinu eftir daginn.

Hún skautaði því í þriðja upphitunarhóp í frjálsa prógramminu daginn eftir. Frjálsa prógrammið gekk ekki alveg jafn vel. Tvö föll í stökkum og downgrade (<) á 2T höfðu sín áhrif. Spinnarnir hennar eru alltaf öruggir og voru það líka þennan dag þrátt fyrir brösuleg stökk. Túlkun hennar og frammistaða eru hennar styrkleikar og sýndu sig í neðri partinum svokallaða og fékk hún góðar einkunnir þar þrátt fyrir föllin. Allt í allt skilaði hún góðu prógrammi og fékk fyrir það 70.21 stig og var í 17. sæti í frjálsa prógramminu. Heildarstig Júlíu Sýlvíu voru því 110.20 stig og samanlagt hafnaði hún í 19. sæti. Það er frábær frammistaða og getur Júlía Sýlvía verið mjög stolt af sér. Skautasamfélagið á Íslandi er það !

RIG 2024

Talsverður fjöldi keppenda var kominn til Íslands til að freista þess að ná lágmarkum inn á alþjóðleg stórmót en RIG er hluti af gildum mótum Alþjóða skautasambandsins og geta skautarar sem keppa þar náð lágmarkum inn á alþjóðleg úrslitamót eins og heimsmeistaramót og Evrópumót.

Því miður setti veðrið strik í reikninginn og ekki komust allir á mótið sem ætluðu sér að taka þátt.

Í flokki Advanced Novice Girls hafnaði Elín Katla Sveinbjörnsdóttir í þriðja sæti og í Junior Women hafnaði Lena Rut Ásgeirsdóttir naumlega í fjórða sæti.

Keppni í Senior Women hafði sterka skautara, Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir keppir í þessum flokki. Júlía Sýlvía stóð sig vel og var í öðru sæti eftir fyrri daginn með 40.35 stig. En í fyrsta sæti eftir daginn var Tara Prasad, frá Indlandi með 45.98 stig og í þriðja sæti var Roos van der Pas, frá Hollandi, með 34.57 stig.

Seinni daginn var það svo Júlía Sýlvía sem var efsti, Ross van der Pas önnur og Tara Prasad sú þriðja.

Samanlagður sigurvegari Senior Woman var Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir með 128.27 heildarstig, Tara Prasad í öðru sæti með 123.90 heildarstig og Roos van der Pas með 113.48 heildarstig.

Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur skautari fær gullverðlaun í fullorðinsflokki (senior) á alþjóðlegu móti á listskautum.

Norðurlandamót 2024

Norðurlandamótið fór fram í Borås í Svíþjóð 1.-4. febrúar.

Þar sem að mjög stutt var á milli RIG og Norðurlandamóts bauð ÍSS upp á æfingar í Egilshöll dagana á milli móta þar sem einnig var haldinn liðsfundur og Vala Rún, tæknisérfræðingur, var innan handa ef þess var óskað.

ÍSS átti að þessu sinni sjö keppendur á mótinu.

Keppendur í Advanced Novice:

Berglind Inga Benediktsdóttir

Elín Katla Sveinbjörnsdóttir

Katla Karítas Yngvadóttir
Sædís Heba Guðmundsdóttir

Keppendur í Junior Women:
Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir
Lena Rut Ásgeirsdóttir

Keppandi í Senior Women:
Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir

Í Senior flokki var Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir að keppa í fyrsta sinn á Norðurlandamóti í þeim keppnisflokki.

Fyrir stutta prógrammið fékk Júlía Sýlvía 45.28 stig og 8. sætið eftir fyrri daginn. Á seinni keppnisdegi var svo keppt með frjáltri prógram. Fyrir frjálsa prógrammið fékk hún 75.70 stig. Samanlagt fékk hún 120.98 stig og 9. sætið að lokum. Þetta eru hæstu stig sem íslenskur skautari hefur fengið á Norðurlandamóti. Fyrra met átti Aldís Kara frá árinu 2022.

Að móti loknu fór fram sýning (e. Exhibition) þar sem skautaklúbburinn í bænum sá um sýningu og gesta skautarar sem keppt höfðu á Norðurlandamótinu tóku þátt. Júlía Sýlvía fékk boð um að taka þátt í sýningunni og stóð hún sig frábærlega þegar hún skautaði við útgáfu Kaleo af Vor í Vaglakóg.

Skautahlaup

Á tímabilinu hefur verið haldið áfram með þróunarverkefni sem voru komin á nokkurn veg. Má þar meðal annars nefna uppbyggingu á skautahlaupi á Íslandi á nýjan leik.

Erwin van der Werve hefur haft veg og vanda að þjálfun skautahlaups hjá Skautafélagi Akureyrar og verið duglegur að sækja sér þekkingu og sambanda í Hollandi. Æfingarnar hafa verið ágætlega sóttar og er það von okkar að því verði haldið áfram og að fleiri aðildarfélög taki þetta verkefni sér til fyrirmyndar og hefji skautahlaupsæfingar að einhverju leyti innan sinna félaga.

Þóra, Svava og María áttu fund með Wilf O'Reilly sem er mikilsreyndur uppbyggjandi á skautahlaupi á stuttri brautu í Hollandi um möguleika og leiðir til uppbyggingar greinarinnar. Deildi hann með okkur mikilvægum punktum sem við munum búa vel að.

Samhliða Haustmóti ÍSS var svo #Beactive viðburður á íþróttaviku Evrópu. Þar fór fram boðhlaupskeppni í liðum sem samanstóðu af einstaklingum sem ýmist höfðu skautabekkingu eða ekki. Í framhaldi af því var opið á ísinn fyrir alla áhugasama og voru þjálfarar á staðnum til þess að sýna öllum réttu tæknina. Ríkissjónvarpið mætti á staðinn og gerði skemmtilega frétt um viðburðinn.

Samhliða Vormóti ÍSS fór svo fram opið mót í skautahlaupi. Ekki var nauðsynlegt að vera aðili að aðildarfélagi innan ÍSS til þess að skrá sig til keppni að þessu sinni.

Þetta er í fyrsta sinn í 42 ár sem keppt er opinberlega í skautahlaupi á Íslandi. Þátttaka var með ágætum og stefnum við á að halda mótahaldi áfram.

Þóra átti fund með Bram Smallenbroeck sem er eigandi skautatímaritsins Schaats. Í framhaldi af þeim fundi var hann settur í samband við Erwin þar sem hann langar að skrifa grein um þá vinnu sem er hér í sambandi við uppbyggingu á skautahlaupi og að gerast fullgildur meðlimur að skautahlaupsarmi ISU.

Uppbygging

Mikið hefur verið unnið að uppbyggingarmálum á landsvísu.

Þóra og Svava áttu fund með íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar til að kanna áhuga og stöðu uppbyggingarmála ísíþróttanna í Hafnarfirði og mættu miklum velvilja og áhuga. Sú vinna er enn í gangi en Hafnarfjörður hefur verið í mikilli uppbyggingu undanfarið fyrir innanbæjarfélög og skoða aðkoma að ísíþróttum vonandi í náninni framtíð. Ætlunin er að fylgja samræðunum eftir eftir sumarið.

Í Kópavogi hefur verið mikil vinna í gangi undanfarið. Þóra átti fund með íþróttaráði og kynnti stefnu ísíþróttanna og hugmyndir ÍSS um hvernig og hvar mætti koma fyrir aðstöðu í bæjarfélaginu. Í framhaldi átti hún fund með bæjarstjóra Kópavogs til að reyna að vegja pólitískan áhuga á verkefninu. Bæjarstjóri hvatti ÍSS um að koma með tillögu inn í verkefni sem Kópavogur fór í í vetur með að endurskoða hugmyndir um deiliskipulag í Kópavogsdal. Fékk ÍSS aðgengi að tillögumferli til jafns við Breiðablik, Tennishöllina og Sporthúsið sem hugsanlegan hagsmunaaðila í Kópavogsdal og skilaði ÍSS tillögum að útfærslu á ísaðstöðu fyrir ísíþróttir og samfélagsverkefni er auka myndi möguleika iðkenda ísíþróttanna umtalsvert. Samhliða var sett upp íbúaskosning um hugmyndir að nýtingu dalsins og var íshugmyndin lang vinsælasta hugmyndin hvort sem var í flokki íþróttaupbyggingar eða menningarstarfssemi. Niðurstöður starfshópsins verða svo kynntar bæjarráði Kópavogs á allra næstu dögum. Aðalheiður Atladóttir skautamma úr SR veitti ómetanlega aðstoð við útfærslu hugmyndanna í myndrænt form.

Í Reykjavík hefur Þóra hitt á fundi forstöðumann Menningar og Íþróttasviðs Reykjavíkur og forstöðumanns útilífsborgarinnar Reykjavíkur um tvenns konar verkefni. Annars vegar að reyna að koma uppbyggingarmálum við Skautahöllina í Laugardal vel nýtanlega byggingu bæði fyrir þær íþróttir sem þar eru stundaðar sem og þær tengingar við menningarstarfssemi Laugardalsins. Hugmyndir ÍSS miðast við að það mannvirki sem reist verður við Skautahöllina virki sem best og megi stuðla farsælli lausn. Þóra og Svava áttu svo annan fund með formanni Menningar og Íþróttasviðs þar sem lagðar voru fram nokkrar hugmyndir að útfærslum sem eru meira í takt við hugmyndir ÍSS um uppbyggingu á svæðinu og myndi færa allt alþjóðlegt mótahald á hærra stig sem og skautaiðkun í heild sinni. Yngvi Karl Sigurjónsson skautapabbi aðstoðaði með útfærslu hugmyndanna í myndrænt form.

Hitt verkefnið sem lýtur að Reykjavíkurborg er tilraun til að koma aðstöðumálum útiskautunar í þannig horf að reglulega megi ganga að aðstöðu til iðkunar skauta úti við yfir vetrartímann. Reykjavík er að leitast við að reyna að koma þessum málum í meira skipulag og fóru Þóra og Svava á fund til skrafs og ráðagerða um þessi mál. Stungið var upp á að þjónustun á Reykjavíkurtjörn og Rauðavatni yrði komið í reglulegra horf þar sem sett væri upp áætlun um viðhald og gerð íss sem almenningur gæti notið. Að auki eru uppi hugmyndir um að setja upp vélkælt skautabraut innan höfuðborgarsvæðisins sem nota mætti undir aðra starfssemi að sumri s.s. hjólaskauta. ÍSS hefur óskað eftir að geta verið með í þessu ferli hjá borginni til að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við staðla og að ÍSS geti komið að uppbyggingunni og haldið því lifandi. Mun þar ekki síst reyna á samtakamátt skautafjölskyldunnar með að nýta sér alla þá möguleika sem í boði verða til að sýna fram á áhuga og nýtingu almennings á framtakinu.

Þóra og Svava hafa s.l. ár verið að reyna að ná samkomulagi við Þjóðarhallarnefnd um þá hugmynd að hafa möguleika á að setja ískerfi undir gólf Þjóðarhallarinnar. Er sá möguleiki enn

Í umræðunni, þótt langsóttur sé, en það yrði gífurleg aðstöðubæting á alþjóðlegum mótum ef slíkt yrði hægt.

Þóra hefur einnig verið í sambandi við fólk á Akureyri sem hefur að markmiði endurvakningu Vetraríþróttamiðstöðvarinnar og mun ÍSS koma með hugmyndir til að leggja í púkkið við miðstöðina um möguleika Akureyrar á uppbyggingu bæjarfélagsins sem miðstöð vetraríþróttar á landsvísu.

Þóra hefur einnig átt fundi um uppbyggingu með nokkrum hreppum á Suðurlandi sem eru að endurskipuleggja heildrænt málefni sveitarfélaganna með möguleikum á fjölbreyttri íþróttar og menningaraðstöðu m.t.t. miklum ferðamannafjölda á svæðinu og því starfsfólki sem flust hefur til svæðisins þess vegna þessa. Miðað er við að auka fjölbreytni afþreyingar og lýðheilsu á svæðinu.

Að lokum

Íslenskir skautarar hafa staðið sig vel bæði innanland sem og erlendis.

Þó svo að enginn geti sagt til um framhaldið þá horfum við björtum augum til komandi tíma og tækifæranna sem þá bjóðast.

Stefna ÍSS er að auka framþróun allra skautaiþróttar í landinu ásamt því að stuðla að uppbyggingu mannvirkja í öllum landshlutum. Þessari vinnu verður haldið áfram í góðri samvinnu ÍSS við aðildarfélögin og Íshökkísamband Íslands.

Stjórn ÍSS vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komið hafa að vinnu ÍSS síðastliðið ár; Sjálboðaliðar, nefndarmenn, starfsmenn, keppendur, þjálfarar, stjórnir félaga, foreldrar og aðrir aðstandendur hafa hjálpast að við að gera umhverfi íþróttarinnar sem best og heilbrigðast og er það von stjórnar að sú vinna muni halda áfram.